



Fallið verði frá flutningi Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar

Þegar ákvörðun um flutning opinberra stofnana, og þá starfa á milli landshluta, er tekin verður að gera þá kröfu að fyrir ákvörðuninni liggja málefnaleg rök.

Slíkar ákvarðanir geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir starfsmenn viðkomandi stofnana. Í mörgum tilfellum er um fjölskyldufólk að ræða, þannig að þótt viðkomandi starfsmanni sé tryggð vinna er ekki víst að það sama gildi um maka. Einnig er ljóst að slík ákvörðun getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir það sveitarfélag sem stofnunin flyst úr; aukið á atvinnuleysi, dregið úr umsvifum o.s.frv.

Bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði er ekki kunnugt um þau rök sem liggja að baki ákvörðun um flutning starfsemi Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar.

Ef ákvörðunin byggir á byggðasjónarmiðum er eðlilegt að litið verði einkum til þriggja þátta á viðkomandi stöðum, þ.e. íbúapróunar, fjölda starfa hjá ríkinu og fjölda atvinnulausra.


Íbúapróun

				Breyting
	2007	2010	2014	2007/2014
Reykjavík	116.642	118.326	121.230	4%
Hafnarfjörður	23.751	25.913	27.357	15%
Akureyri	16.921	17.573	18.103	7%
Landið allt	307.672	317.630	325.671	6%

Heimild: Hagstofa Íslands

Taflan hér að framan sýnir fjölda íbúa í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og landinu öllu í janúar 2007, 2010 og 2014. Eins og þar kemur fram, fjölgaði íbúum á landinu öllu á milli árána 2007 og 2014 um 6%. Í Reykjavík var fjölgunin 4%, Hafnarfirði 15% og Akureyri 7%. Þannig má ljóst vera að fjölgunin á Akureyri og Hafnarfirði er yfir meðaltalinu fyrir landið allt. Hins vegar var fjölgunin vel undir meðaltalinu í Reykjavík. Samkvæmt þessu er Akureyri ekki í vörn hvað íbúafjölgun varðar miðað við meðaltalið.


Atvinnuleysi



Heimild: Vinnumálastofnun

Myndin hér að framan sýnir hlutfallstölu atvinnulausra í Hafnarfirði, Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu samtals árin 2007, 2010 og 2013. Eins og þar kemur fram var atvinnuleysi hlutfallslega mun meira í Hafnarfirði árin 2010 og 2013 en á Akureyri. Á þetta sama við varðandi höfuðborgarsvæðið árið 2013, þ.e. meira atvinnuleysi þar en á Akureyri.

Atvinnuleysi í Hafnarfirði var að meðaltali árið 2013 4,7% samanborið við 3,5% á Akureyri.



Heimild: Vinnumálastofnun

Súluritið hér að framan sýnir fjölda þeirra sem voru atvinnulausir í Hafnarfirði og á Akureyri skipt eftir menntun í ágúst 2014. Eins og þarna kemur fram voru samtals 561 atvinnulausir í Hafnarfirði þegar þeir voru 268 á Akureyri. Atvinnulausir í Hafnarfirði sem eru með háskólapróf voru 118 en 62 á Akureyri í ágúst 2014. 73 með stúdentspróf í Hafnarfirði samanborið við 24 á Akureyri.

Akureyri	2007	2010	2013
Háskólamenntun	-	1,00	1,00
Önnur menntun	5,00	4,00	4,00
Fjöldi starfsmanna	5,00	5,00	5,00
Hafnarfjörður	2007	2010	2013
Háskólamenntun	24,00	24,99	25,90
Önnur menntun	47,80	30,80	31,60
Fjöldi starfsmanna	71,80	55,79	57,50

Heimild: Fiskistofa

Taflan hér að framan sýnir fjölda stöðugilda hjá Fiskistofu í Hafnarfirði og á Akureyri skipt eftir menntun árin 2007, 2010 og 2013. Eins og þarna kemur fram voru 25,9 stöðugildi hjá Fiskistofu í Hafnarfirði árið 2013, sem í voru starfsmenn með háskólamenntun.

	Höfuðborgarsvæðið samtals	Akureyri
Grunnnám	1.536	130
Stutt framhaldsnám	412	31
Iðnnám	405	21
Stúdent	552	24
Háskólapróf	1.157	62
Samtals	4.062	268

Heimild: Vinnumálastofnun

Taflan hér að framan sýnir fjölda atvinnulausra skipt eftir menntun á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri í ágúst 2014. Eins og þar kemur fram voru samtals 1.157 atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu, sem eru með háskólapróf, í ágúst 2014 þar af 118 í Hafnarfirði.

Stöðugildi hjá ríkinu í Hafnarfirði og á Akureyri

	2007	2010	2013	Breyting 2007/2013	Hlutfallsleg breyting
Hafnarfjörður*	622,4	617,4	495,6	-126,8	-20,4%
Akureyri	1062,16	1022,61	1004,98	-57,2	-5,4%

*Hjá Hafnarfirði hafa stöðugildi vegna málefna fatlaðra árin 2007 og 2010 verið dregin frá þar sem sveitarfélögin tóku yfir málaflokkinn árið 2011. Þessi stöðugildi eru ekki meðtalin fyrir Akureyri þar sem Akureyri var með samning við ríkið um að sinna þessum málaflokki.

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og viðkomandi stofnanir.

Taflan hér að framan sýnir fjölda stöðugilda hjá ríkinu í Hafnarfirði og á Akureyri árin 2007, 2010 og 2013.

Eins og þarna kemur fram fækkar stöðugildum hjá ríkinu í Hafnarfirði um 126,8 á milli árana 2007 og 2013, eða um 20,4%. Á sama tíma fækkaði þeim um 57,2 stöðugildi á Akureyri, eða sem nemur 5,4%.

Athygli vekur fjöldi stöðugilda hjá ríkinu á Akureyri, sem var 1.004,98 árið 2013, samanborið við 495,6 stöðugildi í Hafnarfirði árið 2013.

Verði af flutningi Fiskisofu til Akureyrar mun fækka um 57,5 stöðugildi til viðbótar við fækkunina sem orðin var á milli árana 2007 og 2013 í Hafnarfirði. Að því gefnu að ekki verði breyting á fjölda annarra stöðugilda hjá ríkinu í Hafnarfirði á árinu 2014 og verði af flutningi Fiskistofu til Akureyrar verður fækkun stöðugilda í Hafnarfirði á milli árana 2007 og 2014 samtals 184,3 stöðugildi, eða sem nemur fækkun um 30%, en stöðugildi á Akureyri standa í stað, þar sem ný stöðugildi Fiskistofu bætast við.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan voru stöðugildi hjá ríkinu í Hafnarfirði á árinu 2013 495,6 til samanburðar við 1.004,9 á Akureyri. Þannig voru stöðugildin í Hafnarfirði árið 2013 49,3% sem hlutfall af stöðugildunum hjá ríkinu á Akureyri.

Þann 1. desember 2013 voru íbúar Akureyrar 18.075 en Hafnarfjarðar 27.325. Þannig voru íbúar Akureyrar 66% sem hlutfall af íbúum Hafnarfjarðar.

Tillaga

„ Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson og ríkisstjórnina, að draga til baka ákvörðun sína um að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar þar sem engin málefnaleg rök fyrir flutningnum hafa komið fram.“

